



Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð Ártúnsskóla starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Í nemendaverndarráði skólans eiga sæti: Skólastjóri og/eða aðstoðar-skólastjóri, sérkennari, sálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi. Fundir eru haldnir aðra hverja viku.

Hlutverk nemendaverndarráðs er: að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu. Einnig að vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð fjallar síðan um sérstök úrræði fyrir viðkomandi nemanda/nemendur. Nemendaráð metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og getur boðað umsjónarkennara eða forráðamenn á sinn fund ef þurfa þykir. Upplýsingum um niðurstöður nemendaverndarráðs er síðan komið til umsjónarkennara er varða nemendur í umsjónarþekki hans. Þegar ákvörðun hefur verið tekin í nemendaverndarráði er ákveðnum aðila/aðilum falið að fylgja nemanda eftir. Í einstaka tilvikum þarf skólastjóri að tilkynna mál einstakra nemenda skriflega til barnaverndar- og fræðslufirvalda.

Hlutverk umsjónarkennara er: að vísa til skólastjóra/nemendaverndarráðs málum nemenda sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms, námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika.

Umsjónarkennari fylgist náið með námi, þroska og líðan nemenda sinna; aðstoðar nemendur eftir föngum og gefur þeim ráð í persónulegum málum; hefur samband við forráðamenn nemenda og stuðlar að góðu samstarfi skóla og heimila; vísar til skólastjóra þeim málum sem falla undir nemendaverndarráð og fylgist með framgangi þeirra.

Hlutverk nemenda er: að stunda nám sitt af kostgæfni og fara eftir skólareglum.

Hlutverk foreldra/forráðamanna er: að gæta hagsmuna barna sinna; vera ábyrgir fyrir framkomu, skólasókn og heimavinnu barna sinna og vera vakandi yfir líðan, námsgengi og félagslegri stöðu barna sinna.